

— **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um sameiningu 2 þjóðjarða.** — Eptir að hafa með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, frá 31. f. m. meðtekið itarlegri skýringar viðvíkjandi sameiningu umboðsjarðanna Borgar og Kelduholts í Mýrahreppi í Austur-Skaptafellssýslu vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda það, er nú segir: 8. apr.

Í skýrslu umboðsmanns Bjarnanessumboðs frá 25. jan. 1878 er það lagt til, að goldin verði eptir Borg auk leigna af 1 kúgildi 70 álna landsskuld eptir meðalverði allra meðalverða, og að landsskuldin af Kelduholti verði 35 álnir, og fjellst hlutaðeigandi sýslunefnd og amtsráð á þessar tillögur. Í fardögum 1880 losnaði nú Kelduholt úr byggingu, og með því að það þótti tvísýnt, hvort nokkur fullveðja maður fengist á jörðina; en bóndinn á Borg hafði sózt eptir að fá hana leigða með sinni jörð fyrir 30 álna eptirgjald, samþykktuð þjer, að landsskuldin yrði færð þannig niður, og hefir nú bæði hreppsnefndin í Mýrahreppi og sýslunefndin í Austur-Skaptafellssýslu lagt það til, að hinar nefndu jarðir verði sameinaðar fyrir fullt og allt; og leggur hreppsnefndin til, að landsskuldin af hinni sameinuðu jörð verði 50 álnir; en sýslunefndin stingur upp á 90 álna landsskuld, og tilgreina báðar nefndirnar þá ástæðu fyrir þessari tillögu sinni, að jarðirnar gangi árlega af sjer sökum jökulhlaupa.

Hin nefnda skýrsla umboðsmannsins sýnir nú, að allar jarðir þær, er í umboðinu eru, liggja undir áföllum, og með því, að ekki hafa komið fram áreiðanlegar sannanir fyrir því, að jarðir þær, er hjer ræðir um, hafi orðið fyrir meiri skemmdum, en ráð má fyrir gjöra, get jeg ekki, fyrr en útsjeð er um, að ábúandi geti fengizt að Kelduholti með leigumála þeim, er áður hefir verið á jörðunni, sbr. ráðgjafabjef 25. maí 1880 (stjórnartíð. s. á. B. 89), samþykkt að leigumállinn verði lækkaður á þann hátt, sem stungið er upp á. Hinsvegar vil jeg, þar sem það virðist haganlegra fyrir landssjóðinn, að fá auk kúgildisleigna 70 álna landsskuld af Borg eptir meðalverði allra meðalverða, en þá landsskuld, sem nú er goldin, og þar sem bæði hreppsnefnd og sýslunefnd hafa mælt fram með, að jörðin Kelduholt verði lögð undir hana, samþykkja þetta, ef bóndinn á Borg tekur nýja byggingu á hinni sameinuðu jörð og skuldbindur sig til að greiða samkvæmt greindum tillögum frá 1878 100 álna landsskuld af hinni sameinuðu jörð auk leigna af einu kúgildi.

Ef gengið er að þessum kjörum, má fella niður húsin á Kelduholti gegn því, að andvirði þeirra með ofanálagi verði greitt í umboðssjóðinn; en þyki kjör þessi ekki aðgengileg, skal sem fyrst auglýsa jörðina Kelduholt til byggingar frá fardögum 1883 samkvæmt fyrirmælum ráðgjafabrjefs 25. maí 1880 (stjórnartíð. B. 89). En það er vita-skuld, að það verður að sitja við ráðstöfun þá, er þjer hafði gjört á jörðunni til fardaga 1882 eða lengur, ef þörf gjörist.

— **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um sveitarútsvar.** — Með brjefi dags. 20. f. m. hafði þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi frá 31. desbr. f. á., þar sem bæjarstjórnin á Ísafirði áfrýjar til landshöfðingja úrskurði yðar, herra amtmaður, frá 24. ágúst 1881 um það, hvort frú Karenu, sem er eiginkona Stefáns sýslumanns Bjarnarsonar, en hefir fjárhag aðskilinn frá manni sínum, beri að greiða það 20 króna aukútsvar til bæjarsjóðs Ísafjarðar-kaupstaðar, sem henni var gjört að greiða með niðurlögnun fyrir fardagaárið 1879—80. Þjer hafði látið fylgja endurrit af tjeðum úrskurði yðar, og hin eldri gögn þessa máls. Hafði þjer og tekið 14. apr.

71 fram, að í brjefi yðar 24. ágúst f. á. sje enginn úrskurður felður, til að slíta úr 14. apr. spurningu þeirri, er hjer liggur fyrir, og heyri hún eptir edli sínu undir úrskurð dómstólanna, heldur hafið þjer í brjefinu að eins látið álit yðar í ljósi um málið.

Út af þessu vil jeg nú skýra yður frá til þóknarlegrar leiðbeiningar, og svo að þjer birtið þeim það, er hlut eiga að máli, að um það er jeg yður samdóma, herra amtmaður, að spurning sú heyri undir úrskurð dómstólanna, hvort vera frúarinnar á Ísafirði um nærfellt 3 mánuði eptir að maður hennar var fluttur þaðan í fardögum 1879 til að taka að sjer sýslumannsembættið í Árnessýslu, hafi verið þess edlis, að af henni hafi leitt skyldu hennar til að greiða þar auka-útsvar á umræddu ári. Það þarf því heldur ekki að rannsaka það hjer, hverja þýðing þær ástæður hafi, sem niðurjöfnun tjeðs aukaútsvars var byggð á. En sje það hinsvegar rjett, sem bæjarstjórnin skýrir frá í brjefi sínu, að frúnni hafi kunnugt verið um niðurjöfnun hins umrædda aukaútsvars, en hún hafi þó eigi hreyft mótmælum móti niðurjöfnuninni samkvæmt 21. gr. reglugjörðar 26. jan. 1866, þá leiðir af því, að frúin getur eigi mótmælt upphæð útsvarsins, ef það verður ofan á, að henni annars beri að greiða útsvar á Ísafirði fardagaárið 1879—80.

72
25. apr.

Verðlagsskrá

Vestmannaeyjasýslu

frá miðju maímánaðar 1882 til sama tíma 1883.

| | | Í pening. | | Hundr. á | | Alin. |
|-------------------------------|--|-----------|------|----------|------|-------|
| | | Kr. | Aur. | Kr. | Aur. | |
| A. Friður peningur. | | | | | | |
| 1. | 1 or 1 kýr 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fardögum . . . á | " | " | " | " | " |
| 2. | — 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fardögum . . . hver á | 9 | 50 | 57 | " | 48 |
| 3. | — 6 sauðir 3 til 5 vetra á hausti . . . — | 13 | 50 | 81 | " | 68 |
| 4. | — 8 — tyævetrir . . . — | 9 | 50 | 76 | " | 63 |
| 5. | — 12 — veturgamlir . . . — | 7 | " | 84 | " | 70 |
| 6. | — 8 ær góldar . . . — | 10 | " | 80 | " | 67 |
| 7. | — 10 — mylkar . . . — | 6 | 50 | 65 | " | 54 |
| 8. | — 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fardögum . . . | 50 | " | 50 | " | 42 |
| 9. | — 1 1/2 hryssa á sama aldri hver á | 40 | " | 53 | 33 | 44 |
| B. Ull, smjör og tólg. | | | | | | |
| 10. | 1 or 120 pund af hvítu ull, vel þveginni, pundið á | " | 70 | 84 | " | 70 |
| 11. | — 120 — - mislitri ull, vel þveginni — | " | 50 | 60 | " | 50 |
| 12. | — 120 — - smjóri vel verkuðu . . . — | " | 60 | 72 | " | 60 |
| 13. | — 120 — - tólg, vel bræddri . . . — | 32 | 38 | 40 | " | 32 |
| C. Tóvara af ullu. | | | | | | |
| 14. | 1 or 30 pd hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði pundið á | " | " | " | " | " |
| 15. | — 60 þör eingirnissokka par — | " | " | " | " | " |
| 16. | — 30 — tyfbands gjaldsokka — | " | " | " | " | " |
| 17. | — 180 — sjóvettlinga — | " | " | " | " | " |